

Afbrotatíðindi Ríkislögreglustjóra




RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

September 2012 // BRÁÐABIRGÐATÖLUR

Hegningarlagabrot eftir landsvæðum

Mynd 1 sýnir fjölda hegningarlagabrota árið 2011 greint eftir landsvæðum, en brotin voru 12.448. Þar má sjá að stærsti hluti hegningarlagabrota er tilkynntur og skráður hjá höfuðborgarsvæðinu, eða 71% sem er aðeins lægra hlutfall en síðustu tvö ár (hlutfallið 74% árið 2009 og 2010). Fjöldi hegningarlagabrota á Suðurlandi var tæplega 1.800 brot, eða 14%. Lögregluembætti sem falla undir Norðurland fengu til sín 7% allra tilkynninga um hegningarlagabrot og 5% féll undir Vesturland og Vestfirði. Á Austurlandi voru 245 hegningarlagabrot skráð, eða minna en eitt slíkt brot að meðaltali á dag.

Fjöldi hegningarlagabrota árið 2011




Mynd 1. Fjöldi hegningarlagabrot árið 2011 greint eftir landsvæðum.

Þróun það sem af er árinu 2012

Mynd 2 sýnir fjölda hegningarlagabrota greint eftir mánuðum árin 2010, 2011 og fyrstu níu mánuði ársins 2012. Eins og sjá má eru hegningarlagabrot talsvert færri það sem af er þessu ári en síðustu tvö ár. Brotin voru færri en síðustu tvö ár alla mánuði þessa árs, nema í janúar sl. þegar brotin voru fleiri en í janúar 2011.

Í töflu 1 má sjá fjölda í nokkrum brotaflokkum það sem af er ári í samanburði við sama tímabil síðustu tvö ár. Skráð hafa verið 27.804 hraðakstursbrot það sem af er ári. Fjöldi þessara brota er breytilegur, en brotin voru um 5.000 færri í fyrra en 5.000 fleiri árið 2010. Þannig voru brotin 21% fleiri það sem af er ári miðað við sama tímabil í fyrra, en 16% færri miðað við árið 2010. Þennan mikla mun má að mestu rekja til virkni hraðamyndavéla.

Þjófnaðir og innbrot voru færri en yfir sama tímabil síðustu tvö ár. Eignaspijöll eru nánast jafnmörg og yfir sama tímabil í fyrra, eða 1.658 en 1.655 í fyrra. Ölvun við akstur og fíkniefnabrot eru fleiri en fyrstu níu mánuðina síðustu tvö ár. Þá hefur verið tilkynnt um 803 líkamsárásir og meiðingar það sem af er þessu ári.



Mynd 2. Fjöldi hegningarlagabrota 2010, 2011 og það sem af er ári 2012 greint eftir mánuðum.

Tafla 1. Fjöldi í helstu brotaflokkum fyrstu níu mánuði ársins 2010, 2011 og 2012.

	Jan.-sept. '10	Jan.-sept. '11	Jan.-sept. '12
Hraðakstursbrot	32.951	22.931	27.804
Þjófnaðarbrot	3.865	3.571	2.895
Eignaspijöll	2.272	1.655	1.658
Innbrot	2.195	1.383	1.084
Ölvun við akstur	990	937	1.018
Fíkniefnabrot	1.143	1.411	1.527
Líkamsárás (217.-218. gr.)	857	750	803